

Reykjanes 07.11.2019

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

Efni: Ósk um viðræður er varða Reykjanes við Ísafjarðardjúp.

Ferðapjónustan Reykjanesi ehf hefur rekið, Hótel, veitingasölu, sundlaug og tjaldsvæði síðan árið 1997.

Rekstur þessi hefur farið fram í gömlu skólabyggingunum sem keyptar voru af íslenska ríkinu árið 2002. Eignir þessar voru búnar að vera án viðhalds í mörg ár og ekki var áhugi hjá ríkinu að kosta meira upp á þær. Völdu þeir því að selja þær fyrir rekstur sem stæði undir uppbyggingu og endurnýjun. Tilgangur með kaupum skólans var rekstur sundlaugar og hótels með tilheyrandi endurnýjun og uppbyggingu og var heitt vatn án endurgjalds, forsenda.

Gerður var grunnleigusamningur við Ísafjarðarbæ sem rennur út árið 2027. Ferðapjónustan gerði einnig samning við Ísafjarðarbæ árið 1997 um afnot af Reykjanesinu fyrir sinn rekstur til óákveðins tíma.

Þess má geta að sundlaugin sem byggð var árið 1925 og endurnýjuð árið 2009 er hituð upp með sjálfrennandi heitu vatni sem annars rynni ónýtt til sjávar. Rekstur sundlaugarinnar væri óhugsandi ef til kæmi gjald fyrir heita vatnið. Það sama má segja um rekstur fasteigna sem áður hýstu héraðs- og barnaskólann í Reykjanesi. Mikil vinna hefur verið lögð í endurnýjun fasteigna og hefur allur ágóði af rekstri farið í þá uppbyggingu. Þrátt fyrir að allur ágóði hafi farið í endurbætur þá er þetta viðhaldsverkefni ekki hálfnað.

Mikið heitt vatn hefur runnið til sjávar í Reykjanesi í gegnum aldir þrátt fyrir að reynt hafi verið að nýta það með ýmiss konar rekstri á mismunandi tímum. Allur rekstur sem verið hefur í Reykjanesi í gegnum árin, var þar, vegna heita vatnsins og án endurgjalds. Það má einnig nefna að allur þessi rekstur hefur lagst af þrátt fyrir lítinn kostnað við heitt vatn.

Aldrei hefur gjald fyrir heitt vatn borið á góma hvorki frá landeiganda (Ísafjarðarbæ) né öðrum, fyrr en 2018 að Orkubú Vestfjarða með valdi ætlaði sér að eignast heitavatnið í Reykjanesi, setja á það mælingu og hefja gjaldtöku. Þetta ætlaði OV að gera án þess að geta sýnt fram á að OV eigi vatnið né hafi tilskilin leyfi fyrir rekstri hitaveitu í Reykjanesi.

Ferðapjónustan Reykjanesi (Rnes ehf) keypti allar eignir ríkisins með öllu tilheyrandi og síðar keypti hún allar eignir Íslax í Reykjanesi með öllu tilheyrandi af Byggðastofnun. Gerði grunnleigusamning við Ísafjarðarbæ og situr með samninga og afsöl frá því áður en Orkubú Vestfjarða var stofnað og þá er ekki verið að tala um hefð né tómlæti.

Skólinn byggði upp og rak hitaveitu fyrir sínar byggingar og Íslax fyrir sínar.

Þegar Ferðapjónustan keypti tók hún við þeim rekstri fyrir sínar byggingar með viðeigandi endurnýjun. Það hefur aldrei neinn aðili fyrr né síðar komið að þessum rekstri né talað um gjaldtöku fyrir heitt vatn fyrr en OV 2018.

Þar sem komin var krafa frá því opinbera um leyfi fyrir rekstri hitaveitna sótti Ferðapjónustan um leyfi til Orkustofnunar sem síðar gaf út leyfi til handa Ferðapjónustunni eftir mjög nákvæma skoðun.

Þetta leyfi Orkustofnunar kærði Ísafjarðarbær til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og fékk leyfið fellt niður.

Nú er því svo komið að Ferðapjónustan Reykjanesi ehf hefur ekki lengur leyfi til notkunar á heitu vatni og á því engan annan kost en að hætta rekstri.

Eftir að leyfið var fellt niður höfum við reynt að setja okkur í samband við Ísafjarðarbæ með það að markmiði að kynna fyrir bæjarfélaginu okkar rekstur í Reykjanesi, framtíðarmöguleika og hvort finna mætti lausn.

Okkur hefur ekki tekist að ná sambandi við bæjarstjórnann þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir með símhringingum, skilaboðum og tölvupóstum.

Kjóssum við því að senda bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar bréf með boði til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar eða hennar fulltrúum að koma í Reykjanes, kynna sér aðstæður og þann rekstur sem þar hefur verið með von um að það getir orðið, til að finna lausn í málinu.

Mikið hefur verið talað um brothættar byggðir undanfarin misseri og fólksflótta frá jaðarsvæðum og hefur Ísafjarðardjúp ekki farið varhluta af þeirri umræðu.

Ef að lokun Ferðapjónustunnar Reykjanesi verður til þess að rýma til fyrir nýjum og öflugri rekstri er það kanski ásættanlegur kostur en ef það er eingöngu til að leggja niður rekstur, láta heitt vatn renna áfram óhindrað til sjávar og að ekkert komi í staðinn, þá telst það varla góður kostur fyrir samfélagið.

Með bestu kveðjum

Jón Heiðar Guðjónsson

Ferðapjónustan Reykjanesi ehf